


Leiðbeiningar um samtöl barnaverndarstarfsmanna við börn

Talaðu við mig!



BARNAVERNDARSTOFA



INNIHALD

Formáli	5
Réttur barna og unglunga til þátttöku	6
Tilgangurinn með leiðbeiningunum	6
Samtalið sem styrkjandi þáttur í þroska og geðheilsu	7
Þeir fullorðnu bera ábyrgðina	8
Um barnasjónarmiðið og sjónarmið barnsins	8
Þjóðið upp á opnar samræður	9
Mismunandi gerðir samtala	9
Að hlusta þannig að barnið tali	10
Að tala þannig að barn hlusti	10
Samtalið sem þroskar	11
Að fylgja frumkvæði barnsins og því sem það er upptekið af	12
Að bæta einhverju nýju við sem nýtist fyrir barnið	12
Að gefa barninu rými þannig að það geti skipulagt sig	13
Að skapa takt í samtali	14
Að taka skýra stjórn	14
Mismunandi aldur – mismunandi spurningar á ólíkum þroskastigum	15
Nokkrar ráðleggingar um framvindu samtalsins	16
Undirbúningur og skipulagning	16
Hver á að tala við barnið?	16
Hver á að vera með í samtalinu?	16
Góðir rammar fyrir samtalið	18
Kaflar í samtölunum	19
Hin mismunandi stig samtalsins	20
Að lokum	22
Eftirvinnan, að ljúka verkinu	22
Hvernig á að halda áfram	22
Heimildarskrá	24



FORMÁLI

Á þeim liðlega 20 árum sem Barnasamningur Sameinuðu þjóðanna hefur verið við lýði hafa hugmyndir manna um börn tekið stórstígum breytingum. Í stað þess að litið sé á börn sem eign foreldra sinna og án sjálfstæðra réttinda hefur samningurinn lagt grunninn að nýjum skilningi. Hann felst í því að börn séu virkir einstaklingar í samfélaginu sem taka beri tillit til á öllum sviðum í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þetta á við börn í öllum aðstæðum, hvort heldur sem er innan fjölskyldunnar, í skóla, tómstundum eða á öðrum sviðum samfélagsins.

Barnaverndarstarf hefur tekið breytingum í samræmi við það sem að ofan greinir. Þetta má merkja af lagaþróun sem og breytingum á starfsháttum við framkvæmd barnaverndar. En betur má ef duga skal. Enn er langt í land til að því markmiði sé náð í barnaverndarstarfi að kallað sé eftir sjónarmiðum, hugmyndum, óskum og þrám barna við allar ákvarðanir sem þau varða. Mikilvægi þessa verður seint ofmetið þegar horft er til þess hversu afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar í barnaverndarmálum fyrir velferð og framtíð þeirra barna sem

stríða við andsnúnar uppeldisaðstæður og erfiðleika í bernsku.

Forsenda þess að vel takist til er að fagfólk og aðrir sem koma að barnaverndarstarfi búi yfir þekkingu og hæfni til að hlusta á börnin, skilja þau, eiga við þau samræðu og bera virðingu fyrir tjáningu þeirra.

Það er einlæg von Barnaverndarstofu að þetta rit leggi lóð á vogaskálina til að bæta gæði barnaverndarstarfs í þágu barna með þeim hætti sem Barnasamningnum er ætlað að tryggja.

Efnið er útbúið að frumkvæði Barna- og jafnréttisráðuneytisins í Noregi, sem veitti Barnaverndarstofu góðfúslegt leyfi til að texta og þýða á íslensku. Byggir efnið á kenningum Haldor Øvreeide en bók hans „Samtöl við barn“ var endurútgefin árið 2009. Er hér með frændum okkar í Noregi færðar bestu þakkir fyrir.

Bragi Guðbrandsson,
forstjóri Barnaverndarstofu



RÉTTUR BARNNA OG

UNGMENNA TIL ÞÁTTTÖKU

Samkvæmt íslenskum barnaverndarlögum nr. 80/2002 skal barn eiga kost á að tjá sig um mál sem það varðar, í samræmi við aldur þess og þroska. Taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál sem varðar það. Lagatextinn byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var staðfestur hér á landi árið 1992 en unnið er að löggildingu hans. Löggin eru einnig staðfesting á mikilvægum atriðum í allri opinberri stjórnarsýslu; allir eiga rétt á að tjá sig þegar mál þeirra eru meðhöndluð og vera virkir þátttakendur í að móta þá þjónustu sem þeim er ætluð. Þannig á það að sjálfsgöngu einnig að vera þegar börn og unglingar eiga í hlut. Barnið á rétt á, en hefur engar skyldur til að tjá sig. Þetta þýðir að það er barnið sem á að ákveða, hvort það vill segja skoðun sína eða ekki. Barninu á ekki að finnst það þvingað til að tjá sig. Það á því ekki eingöngu að upplýsa barnið um málsatvik, heldur einnig um að það sé frjálst að því að tjá sig eða láta það ógert.

Samtalið er mikilvægasta forsendan fyrir því að skilja hvað aðrir upplifa og meina. Samtal milli þeirra sem taka ákvarðanir og þess sem ákvörðunin varðar er mikilvægasta tæki þess síðarnefnda til að hafa áhrif á ákvörðunina.

Þrátt fyrir að börn og unglingar hafi lögverndaðan rétt til að koma skoðunum sínum á framfæri og að hlustað sé á þau, ætlast þau ekki endilega til þess, og skulu ekki verða krafín um ábyrgðina á því að taka allar ákvarðanir. Í rannsókn sem Sven Arild Vis (2007) framkvæmdi, voru 24 börn á aldrinum 7–12 ára spurð um það, hvað væri það mikilvægasta fyrir þau, þegar þau ættu að segja skoðun sína og taka þátt í ákvörðunum um eigin mál. Svörin sýndu að mikilvægast fyrir börnin væri að

fá vitneskju um það sem ætti að gerast í þeirra málum, að fá að segja skoðanir sínar, að það væri hlustað á þau og að fullorðnir tækju góðar ákvarðanir fyrir þau. Fyrir barn er þátttaka ekki það sama og að fá fram vilja sinn. Það mikilvægasta er að fá skýrar upplýsingar og að upplifa að skoðanir manns séu mikilvægar. Því betur sem við skiljum upplifanir, óskir og þarfir barns, því betri ákvarðanir getum við tekið. Þannig leggjum við grunn að góðri samvinnu við barnið og frumkvæði barnsins getur þá orðið afgerandi fyrir það sem gert verður.

Tilgangurinn með leiðbeiningunum

Rannsóknir hafa sýnt að barnaverndarstarfsmenn tala í óvenjulega litlum mæli við þau börn sem málin varða. Þetta á sér margar ástæður. Hræðsla við að gera „vitleysu“ og óöryggi um það hvernig samtalið á að fara fram eru væntanlega tvær af ástæðunum. Ef enginn þorir að takast á við hin erfiðu eða óþægilegu samtöl, verða það börnin sem tapa á því.

Markmið laganna og barnaverndaryfirvalda er skýrt: Ræða skal við öll börn, sem eru í tengslum við barnaverndaryfirvöld eða starfsmenn þeirra, um aðstæður þeirra, og gefa þeim tækifæri til að skýra frá afstöðu sinni, svo framarlega sem börnin óska eftir því. Það liggur því ákveðin tilætlan í þessum leiðbeiningum, sem sagt að barnaverndarstarfsmenn og yfirvöld geti ekki sniðgengið viðræður við börnin um aðstæður þeirra og líf. Hins vegar er ekki hægt að laða fram löngun eða vilja hjá barni með þrýstingi eða áskorunum, heldur með áhuga og þekkingu. Þess vegna eru leiðbeiningarnar byggðar upp kringum spurninguna „Hvers vegna er samtalið mikilvægt?“ og hvernig er hægt að beita því, þ.e. að tala við barn? Þessum leiðbeiningum og DVD-diskinum *Talaðu við mig* er ætlað að gefa fólki innsýn í hvernig er hægt að bæta sig í að tala við börn og ungl-



inga. DVD-diskurinn gefur hugmyndir um það hvernig hægt er að þróa samtöl, en í leiðbeiningum er að finna fræðilegar umræður og hagnýt ráð.

Við viljum

- Glæða áhuga á því að tala við börn og unglinga.
- Að samtalið verði afgerandi tæki til að taka góðar ákvarðanir.
- Gefa hugmynd um trausta umgjörð um samtöl við börn og ungmenni.
- Sýna fram á að samtal við barn getur stuðlað að skilningi, yfirsýn og samhengi í lífi þess og þannig stuðlað að betri geðheilsu.
- Minna á að barnið ræður yfir eigin hugsunum og skoðunum, hefur reynslu, meiningar, tilfinningar og þarfir og er helsti sérfræðingurinn í kringumstæðum sínum.
- Benda á að það er á ábyrgð þeirra fullorðna að skilja boðskap og þarfir barnsins fyrir upplýsingar.

Samtalið sem styrkjandi þáttur í þroska og geðheilsu

Gott samtal getur stuðlað að því að gera erfiðar kringumstæður léttbærari fyrir barn. Þegar barnið fær að vera með í ákvörðunartökunni er það merki um að það sé mikilvægt. Þá styrkist sjálfstraust barnsins eða unglingsins. Gott samtal getur leitt til betri skilnings og gefið yfirsýn yfir samhengi hlutanna í lífinu. Það eykur möguleika barnsins á að hafa stjórn á aðstæðum sínum og fyrir vikið verður sambandið við eigin tilfinningar, viðbrögð, upplifun og þarfir greinilegra. Jafnframt

dregur úr vonleysi, ruglingi og uppgjöf og barnið fær meira þrek til að mæta áskorunum í daglegu lífi, leikskóla, skóla og tómstundum.

Um leið og gott samtal hjálpar barninu til að skipuleggja sig, með því að deila hugsunum sínum, tilfinningum og upplifunum með öðrum, verður það til að byggja upp trúnaðarsamband milli barnsins og þess fullorðna. Eða eins og einn af unglingunum í myndinni segir: „Áður, þegar enginn hlustaði á mig, var það mjög vont, af því að það var niðurlægjandi upplifun þegar enginn vildi hlusta á það sem ég hafði að segja. ... Það var stórkostlegt að þau skyldu vilja hlusta á mig þegar ég loksins talaði við þau. Það er satt. Þegar ég loksins fékk að tala við einhvern, fannst mér það mjög gott.“

Barn sér, upplifir og veit mikið. Á meðan foreldrarnir vilja helst trú á því að barnið hafi sofið, eða ekki orðið vart við það þegar pabbi sló mömmu, eða þegar þau æptu hátt hvort á annað, er tilfellið næstum alltaf hið gagnstæða. Leyndarmál fjölskyldunnar verða upplýst og talað um þau. Þegar leyndarmálin eru afhjúpuð, léttir það sektarkennd og ábyrgð af barninu, sem það tekur oft á sig þegar eitthvað neikvætt gerist í fjölskyldu þess. Að deila upplifunum sínum með öðrum skapar yfirsýn og skilning, og léttir af manni sorg eða örvæntingu yfir því sem hefur skeð.

Ef barn heldur áfram að hafa neikvæðar hugsanir og ímyndanir, mun athygli og einbeiting þess að mestu leyti fara í að „komast af“, en ekki til jákvæðra verka og þekkingaröflunar. Við þessar aðstæður þróa sum börn með sér hegðunarröskun, önnur draga sig í hlé. Þannig skaðast þroskinn og geðheilsan verður fyrir skakkaföllum.

Marte Meo þýðir með eigin krafti

Þeir fullorðnu bera ábyrgðina

Það er hlutverk þeirra fullorðnu að aðstoða börn við að skilja og sjá samhengi í því sem hefur skeð. Ekki er hægt að ætlast til að börn geti fundið ein út úr og skilið sínar eigin tilfinningar og viðbrögð. Börn eru alfarið háð fullorðnum. Að tala við fullorðna um það hvernig þeim líður, getur orðið afgerandi fyrir það hvernig líf þeirra þróast áfram. Við reynum öll, bæði börn, unglingar og fullorðnir, að skilja það sem við upplifum. Það sem við skiljum ekki reynum við að bæta upp með eigin ímyndunarafli. Börn og unglingar hafa minni reynslu en fullorðnir til að byggja hugmyndaríki sitt á. Skilningur barnsins á því sem gerist og hefur gerst þarfnast því skýringa hinna fullorðnu. Til viðbótar við það munu efnislegar upplýsingar auka skilning barnsins á því sem hefur gerst, og mun koma til með að gerast. Raunveruleikinn mun sjaldnast verða erfiðari viðureignar fyrir barnið en sú „mynd“ af honum sem það oft hefur dregið upp í hugarheimi sínum.

Gott samtal verður að vera meira en spjall ef það á að hjálpa barninu. Hin þroskastyðjandi aðalatriði eru kerfisbundin og fjalla um það hvernig þeir fullorðnu geta stutt barnið eða unglingsinn gegnum frásögn þeirra. Hjálpað tilfinningum og skilningi að koma fram og staðfesta og viðurkenna það sem sagt er frá. Hin þroskastyðjandi aðalatriði koma út frá sálfræðilegum skilningi á þroska barns. Margir hafa lagt hér hönd á plóginn, en Marte Meo¹-aðferðin sem Hollendingurinn Maria Artz (2000) hefur þróað er nefnd hér sem sérstök ábending. Ítarlegar rannsóknir um samspil milli umönnunaraðilans og kornabarnsins (Bråten, 2007) hafa leitt í ljós

¹ Marte meo: Af sjálfsdáðum.

eðlilega félagslega eiginleika hjá ungbörnum og foreldrum þeirra. Þetta samskiptamynstur höfum við öll í okkur, fullorðnir sem börn, en einmitt þess vegna er hægt að útvíkka það svo úr verði faglegt samtal. Hér í þessu hefti höfum við valið að byggja framsetninguna á þroskastyðjandi tjáskiptamynstri, eins og Haldor Øvreeide og Reidun Hafstad hafa þróað á kerfisbundinn hátt í fimm aðalatriði. Þessi fimm þroskastyðjandi meginatriði, sem flestir geta sameinast um, gefa góða festu fyrir hagnýta aðferðafræði. Þegar læra á eitthvað nýtt er gott að nota kerfisbundnar aðferðir. Það er líka nauðsynlegt að skilja af hverju aðferðin virkar eins og hún á að gera. Það er fyrst þá sem við flest gerum aðferðina að okkar tæki, eins og um væri að ræða inngróna færni.

Um barnasjónarmiðið og sjónarmið barnsins

Hér skulum við kalla fram mismuninn milli þess að hafa svokallaðan barnasjónarhól annars vegar og sjónarhól barnsins hins vegar. Að hafa barnasjónarmið þýðir að hinn fullorðni reynir að skilja og setja sig inn í hugarheim og skilning barnsins og nota skilninginn til að láta í té rétta aðstoð og skilning. Hinn fullorðni reynir að „þýða“ það sem barnið segir og sýnir, og nota þýðingarnar sem leiðbeiningar um val á aðgerðum og nálgun.

Sjónarhóll barnsins er öðruvísi. Gamst og Langballe (2004) tala um sjónarhól að innan. Þá er reynt að leiða í ljós innri veröld barnsins. Það felur í sér að fara beint til upphafs þess sem er, eða skapast hjá barninu, hvað það er sem barnið sjálft finnur af tilfinningum, hugsunum, og hvað það ímyndar sér. Því upplifun barnsins af raunveruleikanum, ásamt því álagi sem það lifir und-

„Orð og hugtök eru verkfæri skynseminnar“

(Raundalen og Schultz)



ir, er yfirleitt öðruvísi en við gerum okkur í hugarlund. Ef við fáum ekki fram skilning, tilfinningar og hugsanir barnsins, eru líkur á því að við gerum barninu órétt. Það er ekki víst að það, sem við hin fullorðnu teljum að sé best fyrir barnið, sé það í huga barnsins. Barnið gæti haft aðra forgangsöröðun og þarfir. Ef samtalið á að hjálpa barninu í áframhaldandi þroska, verður sjónarhóll barnsins að fá að njóta sín og barnið verður að finna að það sé skilið.

Aðalatriðið er nefnilega, að sá einasti sem getur róað huga eða heila í uppnámi og kaos, er sá sem á þann huga eða heila. Það eru ekki mínar eða þínar útskýringar sem færa áfallaröskudum huga heilsuna aftur. Við getum ekki með orðum okkar lagfært skadað innra samband milli tilfinninga og tungumáls. Meginverkefni hins fullorðna í þessu sambandi verður að skapa rými og nægjanlegt öryggi til að barn geti farið að opna fyrir tilfinningar sínar og í framhaldi af því að orða þessar tilfinningar.

(Raundalen og Schultz, 2008, 19)

Börn þarfnast þess að fullorðnir leiðbeini þeim í gegnum tilfinningalega erfiðleika og óþægilegar upplifanir. Í slíku samspili þarf hraði og hrynjandi samtalanna að fylgja barninu. Við þurfum því að vera næm gagnvart þörfum barnsins hér og nú og um leið gera það mögulegt að barnið geti skilið sjálft sig og það sem gerist í umhverfi þess hér og nú eins vel og það getur. Því sem hefur gerst getur enginn breytt. Það sem við getum hins vegar gert er að gera hið erfiða skiljanlegra og meðfærilegra, þannig að hið daglega líf verði auðveldara og framtíðin öruggari. Hinn valkosturinn er að hið erfiða liggir óhreyft og fullt af minningum sem skapa óróa innra með barninu.

(Raundalen og Schultz, 2006).

Þjóðið upp á opnar samræður

Málefnalegar og skýrar upplýsingar hreinsa til og skapa yfirsýn og skilning og veita rými fyrir raunverulega sorg, örvæntingu og mótmæli, en einnig von. Margir geta, þegar þeir horfa til baka á sitt eigið líf, sagt frá því, hversu órólegir þeir voru, hversu lítið þeir skildu og hversu mjög þeir hefðu viljað að fullorðnir hefðu talað opinskátt við þá um þá hluti sem þá gerðust, um það sem skorti í fjölskyldunni og þau vandamál sem foreldrar þeirra glímdu við. Því minna sem börn þurfa að bera áhyggjur sínar ein, því minni hættu er á að þau þrói með sér ranghugmyndir tengdar sektarkennd, ótta og skömm.

Ef við bjóðum börnunum til samtala með opnu viðhorfi, er þeim gert kleift að spyrja þeirra spurninga sem þau þurfa að geta fengið svör við. Börnunum léttir þegar þau sjá að ekkert umræðuefni er bannað. En það erum við, þau fullorðnu, sem verðum að bjóða til opinna samræðna og oft verðum við að hjálpa öðrum fullorðnum sem máli skipta, t.d. foreldrum barnanna, til opinna umræðna. Það kemur ekki af sjálfu sér.

Mismunandi gerðir samtala

Samtöl þróast að sjálfsögðu á ólíkan hátt eftir tilgangi og kringumstæðum. Sum samtöl veita upplýsingar og eru úrvinnslumiðuð, önnur eru til könnunar (Øvreeide 2009).

Upplýsinga- og úrvinnslusamtölin eiga að veita barninu eða unglíngnum stuðning til betri skilnings á kringumstæðum sínum og möguleikum til úrvinnslu á erfiðum upplifunum. Slík samtöl eiga fyrst og fremst að gefa barninu eitthvað. Tilgangurinn er að vinna úr skilningi barnsins á eigin reynslu og sjálfu sér, í tengslum við það sem gerist, hefur gerst og því sem mun gerast



í framtíðinni. Barnið getur staðfest upplifanir sínar og reynslu með þátttöku í samtölunum.

Upplýsingaviðtölin eru fyrst og fremst til þess að þeir fullorðnu fái upplýsingar sem þeir geta nýtt í mati sínu.

Þrátt fyrir að samtal við barn eða ungling samanstandi oftast af atriðum úr báðum tegundum samtala, skalt þú skipuleggja samtalið út frá aðaltilgangi þess. Þegar barn eða unglingur segir já við því að tala við barnaverndarstarfsmann, verður að útskýra fyrir barninu hvað samtalið á að fjalla um og til hvers það á að nýtast.

Að hlusta þannig að barnið tali

Að hlusta er dálítið annað og meira en að „heyra“. Það felur í sér að veita ekki aðeins orðunum athygli heldur einnig þeim ætlunum og tilfinningum sem liggja að baki. Til að ná því verðum við að einbeita okkur að augnablikinu. Viðmælandi okkar á að hafa athygli okkar, löngun okkar til að segja frá eða undirbúa eigið svar verður að víkja. Að hlusta þýðir einnig að vera kyrr, bíða og fylgjast með hinum aðilanum. Þá gildir að taka eftir bæði yrtri tjáningu viðkomandi sem og óyrtri. Ef við byrjum að gera athugasemdir of fljótt, þ.e. koma með okkar eigið mat, lausnir, eða tillögur um lausnir, mun hinn aðilinn, þ.e. barnið, loka fyrir frekara samtali. Að hlusta þýðir að hafa opna og eftirvæntingafulla afstöðu, og virka athygli gagnvart viðmælanda sínum. Við biðum þar til viðmælandinn hefur fengið tíma til að hugsa og tjá sig nægjanlega, og komum svo aftur inn í samtalið.

Slík hlustun er ekki það sama og þögn. Þögn getur stoppað samtalið, skapað öryggisleysi og gefið hinum aðilanum þá tilfinningu að hann eigi að gera eitthvað

sérstakt, segja eitthvað ákveðið. Oft þarf barnið á því að halda að við hjálpum því að finna orð, ljúka setningum, og búa til samhengi. Enn fremur þurfum við stundum að reyna að lesa hugsanir barnsins um ýmislegt sem barnið á erfitt með að tjá sig um. Samtalið á að vera lifandi með virkri þátttöku aðila, en ekki krefjandi eða þrúgandi.

Að tala þannig að barn hlusti

Jafn mikilvægt og það er að geta hlustað í því skyni að barn tali, er að geta talað þannig að barn hlusti. Börn og unglingar þarfnast þess að fullorðnir bæti inn í umræðuna eigin hugsunum, skoðunum og getgátum þannig að barnið geti þekkt sig aftur í þeim vangaveltum. Barn getur fundið til léttis við að sleppa við að svara spurningum, en hlusta þess í stað á ígrundanir okkar og tilraunir til að geta okkur til um hvernig það sé „að vera ég“. Að kinka kolla eða hrista höfuðið getur róað barn, þannig að það geti einbeitt sér að eigin hugsunum um efni samtalsins. Í beinni spurningu er hins vegar fólg-in krafa um að barnið fylgi því sem hinn fullorðni er upptekinn af. Spurningar geta hamið fremur en örvað virka þátttöku barnsins. Með því að nefna hugsanir, tilfinningar og hugmyndir, sem barnið ef til vill gerir sér, stuðlum við að því að barnið geti upplifað sínar eigin kringumstæður, skilið þær og sæst við þær. Þannig er hægt að staðfesta upplifun barnsins og gera hana marktæka. Það hefur þá minni tilhneigingu til að finnast það vera „öðruvísi“, eða einhver sem bregst „rangt“ við. Ef samtalið þróast í þessa átt myndast trúnaðartraust milli barns og þess fullorðna sem aftur getur leyst úr læðingi möguleika og löngun barnsins til þátttöku.

SAMTALIÐ SEM ÞROSKAR

Rannsóknir á samspili barna og umönnunaraðila þeirra í frumbersku hafa staðfest atriði sem flestir rannsakendur og sérfræðingar sjá sem aðalatriði fyrir þroska barna.

Hugsaðu þér Mörtu, þriggja mánaða gamla, liggjandi á teppi í stofunni. Hún hjalar ánægð og horfir einbeitt á hringlu í sterkum litum sem hangir yfir henni. Pabbi hennar kemur inn, beygir sig yfir Mörtu og sér hvað það er sem hún einbeitt sér að. Pabbi teygir sig í hringluna og segir: „Sjáðu hvað þetta er fínt, já, sjáðu!“ Marta horfir á pabba. Þau brosa hvort til annars og bæði beina athygli sinni aftur að hringlunni sem pabbi hristir, hann flytur hana nær Mörtu svo að hún nái að koma við hana. „Fín hringla, hún er líka rauð!“ Pabbi hættir að hrista hringluna og bíður smástund. Marta lætur nú til sín heyra, gefur frá sér ánægjuhljóð. Hún snertir nú hringluna sjálf og sparkar svolítið með fótunum. Augu feðginanna mætast aftur, og bæði brosa. Áður en pabbi fer strýkur hann Mörtu um kinnina og beinir athygli hennar aftur að hringlunni.

Hvað hefur gerst?

Í byrjun skoðaði Marta hringluna ein. Þegar pabbi sýnir að hann sér hvað Marta er að gera, skapar hann sameiginlegan vettvang í leik Mörtu með hringluna og í málrómi hans getum við heyrt mikinn áhuga, sem gefur til kynna þátttöku og sameiginlega upplifun með Mörtu. Til viðbótar kemur hann með svolítið nýtt inn í samspilið, hann segir svolítið um það sem Marta gerir og svolítið um liti. Þrátt fyrir að Marta skilji ekki orðin, er áhugi pabba greinilega sá að gefa Mörtu eitthvað. Mynstrið fyrir tjáningu, reynslu og upplifun seinni tíma er lagt – örliftar upplifanir með orðum sem hún mun smátt og smátt skilja. „Sjáðu“, „hringla“, „rauð“, og brosa sem leysir tilfinningar úr læðingi og styrkir samspilið.

Þegar samspilið virkar, gefur það strax tilfinningalegan aðgang að hinum aðilanum, þ.e. upplifun á samveru.

Á þennan hátt öðlast barnið möguleika til þroska frá tveimur uppsprettum, sínum eigin vilja til að öðlast betri yfirsýn, og getu og vilja umönnunaraðilans til að gefa barninu víðari sjóndeildarhring og nýja reynslu sem fer fram í samspili. Þessar tvær uppsprettur samanstanda af kjarnaatriðum samræðna eða samtala, þ.e. vettvangur barnsins og hinn útvíkkandi vettvangur sem hinn aðilinn, oft foreldrið, kemur með inn í samspilið. Þegar þessar tvær uppsprettur virka saman í samtalinu, hjálpar það barninu til að beina athyglinni frá sjálfu sér og verða opið fyrir nýjum áhrifum. Þá þróast nýjar aðferðir til að skilja, í ferli þar sem upplifun er móttækin í samspili með umönnunarpersónunni, eða öðrum. Það ýtir undir athygli, einbeitingu, og opnar fyrir hinn aðilann og tilfinningalega tengslamyndun. Innra skipulag, hvernig barnið skipuleggur upplifun sína, hugsanir og tilfinningar, styrkist.

Aðalatriðin fimm í hinu þroskastyðjandi samtali eru bein afleiðing af samspilinu eins og það lýsir sér í dæminu um pabbann og Mörtu og geta nýst sem undirstöðuatriði fyrir samtalsaðferð:

- 1) Fylgdu frumkvæði barnsins og því sem það er upptekið af.
- 2) Legðu þá til eitthvað sem skiptir máli fyrir barnið og er gagnlegt fyrir það.
- 3) Gefðu barninu rými og tíma svo það geti náð innri stjórn.
- 4) Skapaðu takt í samspili í samtalinu milli þín og barnsins.
- 5) Taktu stjórn og uppbyggingu samtalsins í þínar hendur.

Við skulum nú skoða nánar þessi atriði og útskýra þýðingu þeirra og hvernig þessi atriði hjálpa samtali að þróast og verða til.

Að fylgja frumkvæði barnsins og því sem það er upptekið af

Að fylgja frumkvæði barnsins er að byrja þar sem barnið eða unglingurinn hefur athygli sína þá stundina, eða á því sem barnið á frumkvæði að. Það getur verið eitthvað sem barnið eða unglingurinn segir, sýnir í leik, í teikningu eða sem fram kemur í tilfinningum þess. Það getur einnig verið ástand hjá barninu sem við tökum eftir eða viljum gera sýnilegt. Þetta frumkvæði getur gefið hinum fullorðna eitthvað til að beina athyglinni að í fyrstu skrefunum í því að ná sambandi við barnið. Í dæminu um Mörtu er athygli hennar beint að hringlunni. Pabbi sér hverju Marta er upptekin af og orðar það, eða skýrir leik hennar áhugasamur og brosandí. En þetta er meira en byrjun á samtali. Áhugi okkar veldur því að barnið vill oftast meira, barnið útvíkkar og fyllir út söguna. Um leið styrkist tilfinningin um að skipta máli og eiga skilið að njóta athygli hins aðilans. Þegar við sýnum að við erum áhugasöm um það sem barnið beinir athygli sinni að, eykst væntanlega áhugi þess á að tala við okkur.

Í samskiptunum milli fullorðins og barns mun frumkvæði barnsins sýna sig á ólíkan hátt. Það getur verið hljóð, augnaráðið á flökti um herbergið, eða þau geta fylgst með þér með eftirvæntingu og forvitni. Sum geta verið beinskeytt og spurul, önnur reið og afundin. Það sem þau eiga sameiginlegt er að það er þeirra frumkvæði, þeirra skaplyndi og þeirra athyglispunktur sem á að vera ráðandi um það hvar hinn fullorðni hefur sína athygli. Øvreeide orðar það þannig:

Hlutverk og áskorun þess fullorðna er að komast að því hvert barnið beinir athygli sinni. Með því að fylgja athygli barnsins mun hinn fullorðni fá upplýsingar um það sem barnið þarfnast af upplýsingum, stuðningi og handleiðslu til að komast áfram.

(Øvreeide, 2009, bls. 86.)


Ef viðbrögð barnsins gagnvart hvatningum þeirra fullorðnu skortir, eða ef barnið byrjar að tala um eitthvað annað, getur það bent til þess að hinn fullorðni hafi ekki skilið hvert barnið beinir athygli sinni. Ef svo er, verðum við aftur að reyna að skilja hvað það er sem barnið er upptekið af, og beina athygli okkar að því sama og barnið. Barnið getur haft þann ásetning að halda þér í vissri fjarlægð til að byrja með. Svör barnsins segja þér hvort þú ert á réttri leið. Það er líka hægt að kanna meðan samtalið fer fram: „*Er þetta einhvern veginn svona? Eða skjáttlast mér alveg?*“

Að bæta einhverju nýju við sem nýtist fyrir barnið

Samtal við fullorðna er hægt að gera áhugavert út frá tilganginum, eða efnisinnihaldi. En börn þarfnast meira en þessa. Þau þarfnast þess að þeir fullorðna bæti við samtalið einhverju sem er áhugavert, einhverju sem passar inn í líf þeirra eða þeirra sýn á efnið þannig að þau fái áhuga á að halda samtalinu áfram.

Að geta viðhaldið samtali er merki um að þar bætist allt af eitthvað nýtt við. Það myndar undirstöðu fyrir gagnkvæma fylgni og forvitni.

(Øvreeide, 2009, bls. 74.)



Þetta nýja getur verið upplýsandi athugasemdir, orð og lýsingar sem taka undir reynslu barnsins á nýjan máta og verða til þess að barnið sér nýtt samhengi. Barnið fær eitthvað til að ígrunda, og það sem ef til vill er jafn mikilvægt, vegna undirtekta þess fullorðna og tilgátna um það hvernig lífið er fyrir barnið eða unglínginn fær það hvatningu til að tjá sig um erfiðar hugsanir og tilfinningar. Dæmi getur skýrt þetta:

Sara sem er sjö ára ræðir við starfsmann barnaverndar ásamt móður sinni. Á meðan þau tala um leiðina í skólann segir telpan skyndilega: „Ég er að hugsa um afa“ (móðurafa sem dó). Starfsmaðurinn svarar: „Þú ert að hugsa um móðurafa þinn sem lést ... Ég veit að mamma þín varð mjög sorgmædd þegar hann lést.“ Sara segir þá frá afa sínum í smáatriðum og hvernig hann dó. Að hann datt í skóginum, að hjartað hætti að slá og að sjúkrabíllinn kom. Hvað er hún eiginlega að segja? Hún sýnir að hún er upptekin af dauðanum. Barnaverndarstarfsmaðurinn veit að sjö ára börn eru oft hrædd um að foreldrarnir geti dáíð. Starfsmaðurinn bætir hér inn í athugasemd sem á vel við, hæfir aldri Söru og útvíkkar það

sem hún sagði: „Nú get ég hugsað mér að þú sért kannski hrædd um að mamma þín gæti dáíð? Mörg börn eru það og hugsa heilmikið um það.“ Sara kinkar samþykkjandi kalli. Mamma hennar hefur nú fengið verðmætar upplýsingar um dóttur sína. Hlustar telpan nú mjög áhugasöm á móður sína þegar hún í kjölfarið talar um tilfinningar sínar og viðbrögð við því að missa föður sinn sem hafði alltaf sýnt þeirra litlu fjölskyldu mikinn stuðning.

Að gefa barninu rými þannig að það geti skipulagt sig

Þegar barn er í samtali við fullorðinn þarf það tíma til þess að hugsa hugsanir sínar til enda, ljúka við setningarnar og átta sig á viðbrögðum þess fullorðna við setningum sínum. Í stuttu máli þurfa þau ró til að finna sig í kringumstæðum sínum.

Samræðuaðilar þurfa hvor um sig að viðurkenna og virða hvor annars frumkvæði, viðbrögð og frelsi til að ná innra skipulagi.

(Øvreeide, 2009, bls. 74.)

„Hann talar við mig en ekki til mín – það er mikill munur.“

Samtali er fyrst og fremst ætlað að vera samband milli jafningja, þar sem báðir aðilar líta á hvor annan sem einstakling. Það er mikilvægt að barnið eða unglingurinn fái reynslu af því að hinn fullorðni yfirtaki ekki eða takmarki það sem sagt er eða tjáð, heldur sé virtur réttur barnsins eða unglingsins til að tjá sig á sjálfstæðan hátt og með sínum hraða. Við þau skilyrði getur eðlilegur taktur í samtalinu þróast.

Að skapa takt í samtali

Þegar samtali er komið í eðlilegan takt, einkennist það af gagnkvæmni, við bíðum einfaldlega eftir að hinn aðilinn tjái sig, áður en við svörum. Það er, maður bíður eftir því að það komi að manni. Fyrst kemur að þér og svo að mér, hvorugur yfirgnæfir hinn eða leiðréttir. Barnið er hvatt til þess að tjá sig og fær til þess stuðning. Til þess að slíkur taktur skapist í samtali við barn eða ungmenni verður hinn fullorðni að fylgja takti barnsins. Ábyrgðin á því að þetta takist liggur alltaf hjá hinum fullorðna. Ef okkur tekst að ná þessum takti, mun samtalið þróast áfram þar sem frumkvæði og viðbrögð skiptast á milli jafningja, hins fullorðna og barnsins. Báðir fá rými og athygli. Þannig byggja viðmælendurnir upp gagnkvæman skilning sín á milli.

Hinir fullorðnu hafa oft tilhneigingu til að vera of langorðir, þeir bregðast oft hratt við frumkvæði unglingsanna og þola illa langar þagnir eða hvíldir. Það getur verið nauðsynlegt að muna að hægja á hraðanum, taka áhættuna á að hnjóta um setningarnar, þola bæði lengri og styttri þagnir. Mundu að athuga hvort þú hefur athygli barnsins eða hvort það þreytist á samtalinu. Þegar við fáum ekki viðbrögð en höldum samt áfram að tala, hverfur rýmið fyrir hinn aðilann. Þegar við truflum

þögnina of fljótt, miðlum við því að við væntum þess *eiginlega ekki að fá viðbrögð*.

Samtali er aldrei fullkominn dans. Það er einnig fálmi og tilraunastarfsemi, þar til við smellum inn í gagnkvæman takt. Ef við fylgjum frumkvæði barnsins eða unglingsins mun það sjálft vísa veginn. Kannski myndast dálitlar þagnir, en síðan getum við aftur snúið okkur að því sem erfitt er að ræða um. Áskorun hins fullorðna er oft að fylgja frumkvæði barnsins og leiða samtalið smátt og smátt til baka að aðalumræðuefninu, með vangaveltum og spurningum út frá orðum barnsins. Hinn þjálfaði spyrill leggur á minnið viðbrögð og varðveitir þau þar til tími er kominn til að tala um þau og færa sig til baka að hinum erfiðu umræðuefnum. Þannig tekur hann einnig stjórnina á samtalinu.

Að taka skýra stjórn

Í samtölum við börn eru það þeir fullorðnu sem bera ábyrgðina á því að stjórna samtölunum og stýra þeim þannig að barninu eða unglingnum finnist sér vera borgið og það sé eins öruggt með sig og hægt er. Nokkrar aðferðir geta gagnast við að skapa öryggi hjá barni. Það er t.d. alltaf skynsamlegt að eyða svolitlum tíma í að tala um það hvar þátttakendur eigi að sitja og hvað þú sem samtalsstjórnandi hyggst gera, t.d.: „*Nú ætla ég bara að sækja kaffi og ávaxtasafa, svo sest ég hér og þú getur setið þarna í þessum stól þegar við tölum saman um það sem skeði í fjölskyldunni þinni, þú getur hjálpað mér að bera inn ávaxtasafann, svo tek ég kaffið, takk.*“ Þannig fær barnið eða unglingurinn tækifæri til að virða þig fyrir sér, gera sér grein fyrir því hvernig þú lítur út og hagar þér, og ró til að átta sig og byrja samvinnuna við þann fullorðna. Þegar allt er komið á sinn stað virkar best að byrja strax á efninu. Að byrja samtalið með spjalli



um aðra hluti en það sem málið snýst um, gerir aðstæður óskýrar fyrir barnið og skapar óöryggi. Með því að byrja strax á efninu, sýnir stjórnandinn að samtal á að eiga sér stað og tekur barnið eða unglinginn þar með alvarlega. Í dæminu hér að framan er það nefnt eins og sjálfsgæður hlutur, ásamt kaffinu og ávaxtasafanum. Slík stjórnun á samtali verður um leið að gefa rými, þannig að barnið eða unglingurinn geti beint athygli sinni að eigin tilfinningum, hugsunum og viðbrögðum.

Sá fullorðni á að stýra samtalinu, en bæði barnið og hinn fullorðni eiga að geta haft áhrif á framvindu þess.

(Øvreeide, 2009, bls. 96.)

Sá fullorðni á sem sagt alltaf að leiða samtalið, en ekki að ráða því. Slík stjórnun verður að vera sveigjanleg, maður verður að hafa þolinmæði, hlusta og sýna eftirvæntingu. Þegar það er viðeigandi, eða þegar rými er til, skal meðferðaraðilinn eða barnaverndarstarfsmaðurinn vera virkur og koma með viðeigandi upplýsingar og sitt eigið sjónarmið. Hann verður að reyna að lesa í hug barnsins, hafa uppi tilgátur um reynslu þess. Sam-

talsstjórnandinn er sér meðvitaður um samtalsferlið og að fylgja hinum fimm aðalatriðum í hinu þroskastyðjandi samtali, sem rætt er um hér að framan. Samtalið hefur þá stuðlað að tilfinningu um sjálfsvirðingu, upplifun af meira samhengi í lífinu og að öllum líkindum betri reynslu af sjálfum sér. Þessi atriði styrkja geðheilsuna og byggja upp betri þroska.

Mismunandi aldur – mismunandi spurningar á ólíkum þroskastigum

Börn staðsetja sig gagnvart kringumstæðum sínum, m.a. út frá eigin þroskastigi. Sérhver aldur opnar fyrir nýjar spurningar. Það sem þriggja ára barn er upptekið af er allt annað en það sem það spyr um þegar það er sjö ára að aldri. Hér fyrir neðan eru nokkrar aldursmiðaðar spurningar. Það er gagnlegt að þekkja til aldursmiðaðra spurninga þegar maður undirbýr viðtöl við börn. Það gerir hugsanalestur skilvirkari og auðveldara verður að ímynda sér hverju barnið er upptekið af. Spurningarnar sem tilheyra hverjum aldri koma til viðbótar við spurningarnar sem eru nefndar að framan.

1–4 ára	5–9 ára	8–13 ára	12 ára og eldri
Bókstaflegar spurningar:	Siðfræðilegar spurningar:	Spurningar sem snúast um ímyndun eða raunveruleika:	Spurningar sem snúa að eigin sjálfsmýnd:
Af hverju gerist þetta?	Hvað er rétt/rangt, réttlátt/óréttlátt?	Af hverju skeður einmitt þetta en ekki allt hitt sem einnig er hugsanlegt?	Hver er ég í samanburði við aðra?

NOKKRAR RÁÐLEGGINGAR

UM FRAMVINDU SAMTALS

Hér fyrir neðan skoðum við atriði sem nauðsynlegt er að vera sérstaklega meðvitaður um fyrir og eftir samtölin. Listinn er ekki tæmandi. Hvert samtal er sérstakt, öðruvísi en öll önnur samtöl. Samt sem áður er hægt að búa til „lista yfir minnisatriði“. Það sem hér kemur á eftir eru ábendingar og ráð til þess að skipuleggja og leiða áfram markvisst og skipulegt samtal við barn.

Undirbúningur og skipulagning

Því erfiðara sem þú heldur að samtalið verði, þeim mun mikilvægara er að undirbúa sig. Ef þú ert vel undirbúinn, aukast möguleikarnir til að vera sveigjanlegur, þótt ótrúlegt sé. Ef þú verður óöruggur vegna þess að þú hefur ekki nýjustu upplýsingar um barnið og kringumstæður þess, mun það væntanlega trufla þig, þú munt reyna að fá yfirsýn yfir það sem þú veist ekki, en hefðir getað fengið að vita áður.

Undirbúðu atriði sem á að koma inn á í samtalinu:

- Hver er tilgangurinn með samtalinu?
- Hvaða atriði má ætla að séu mikilvæg fyrir barnið?
- Hvað má ætla að barnið hafi skilið af því sem gerðist?
- Hvernig hefur barnið það núna?
- Hvaða hugmyndir og væntingar hefur barnið um það sem mun gerast í framhaldinu?
- Hvað er hægt og hvað ætti að veita af upplýsingum?
- Hvað þarft þú að fá af upplýsingum frá barninu?

Skoðaðu gögn sem eru aðgengileg og málsgögn sem varða málið og barnið sem þú ætlar að tala við, áður en samtalið fer fram. Hugsaðu um það, hver sé tilgangurinn með samtalinu, hvað ætti að upplýsa barnið um

og hvað barnið hafi þörf fyrir að fá upplýsingar um hér og nú. Það getur verið gagnlegt að hafa aflað sér þekkingar um málþroska barnsins, félagslegan þroska og dæmigerð tilfinninga- og hegðunarleg viðbrögð. Það þarf einnig að meta hvort það eru til enn frekari upplýsingar sem geta verið þýðingarmiklar, til að hlúa að barninu og til að leiða áfram samtalið. Upplýsingar um áhugamál barnsins og hæfileika geta t.d. myndað undirstöðu fyrir tengslin milli aðilanna.

Það eykur á öryggi þess sem stjórnar samtalinu að vera vel undirbúinn. Sú ró eða yfirvegum sem stafar frá stjórnanda samtalsins getur haft áhrif á barnið og þýðingu fyrir áframhaldið. Það getur einnig verið gagnlegt að stjórnandi samtalsins ígrundi eigin tilfinningar, tengdar aðstæðum barnsins. Á hvern hátt verður þú sem fullorðinn snortinn af frásögn barnsins? Hvaða þýðingu hefur það þegar þú talar við barnið? Hefur það áhrif þegar þú átt að tala við barnið? Þegar við erum með barninu þurfum við að passa að ýkja ekki, eða dramatísera sögu barnsins með eigin tilfinningum og viðbrögðum. Við þurfum að sýna að við erum opin og þolum sögu barnsins.

Hver á að tala við barnið?

Sá starfsmaður sem ber ábyrgðina á málinu og þeim aðgerðum sem hugsanlega þarf að grípa til, hefur venjulega mestar upplýsingar um málið. Þess vegna er það eðlilegast að hann eða hún stjórni samtalinu.

Hver á að vera með í samtalinu?

Í flestum samtölum við börn og einnig stundum við unglunga, er það hjálplegt barninu og framgangi sam-



talsins að fullorðinn stuðningsaðili sé með í samtalinu.

Stuðningsaðilinn ætti að vera persóna sem er mikilvæg fyrir barnið og sem hefur ábyrgð gagnvart daglegu lífi þess, t.d. foreldri. Stuðningsaðilinn verður vitni að og er þátttakandi í samtalinu ásamt barninu. Þegar mikilvægar upplýsingar, upplifanir eða tilfinningar koma fram í samtalinu hefur barnið einhvern til að ræða við, ekki bara meðan samtalið fer fram heldur líka eftir samtalið. Barnið er því ekki eitt. Sá sem er með barninu í daglegu lífi þess, býr oft yfir mikilvægum upplýsingum um barnið sem hægt er að segja frá. Það sem er þó kannski ennþá mikilvægara er að upplifun stuðningspersónunnar af því sem fram fer í samtalinu getur breytt miklu í lífi barnsins, vegna þess að stuðningsaðilinn verður tilfinningalega snortinn. Þegar upplifun og þarfir barns koma greinilega fram í samtalinu, getur það sem sagt er frá, breytt viðhorfi og hegðun hjá þeirri manneskju sem er barninu mikilvæg, þ.e. þeirri sem verður vitni að samtalinu. Hann eða hún fær betri möguleika á að skilja kringumstæður og þarfir barnsins. Það, að mikilvæg manneskja er til staðar í samtali getur einnig gert það léttara að segja sögu sem kannski átti að liggja í þagnargildi. Barn getur á augabragði séð hvort því sé óhætt að segja frá eða ekki. Mikilvæg manneskja getur með bendingu eða augnaráði gefið barni leyfi til að tjá sig. Ef barn eða unglingur er eitt í samtalinu, er hin mikilvæga manneskja til staðar í huga barnsins. Sú manneskja er þá hins vegar ekki til staðar til að gefa barninu viðurkenningu eða leyfi til að tala um þá erfiðu hluti sem barnið situr oft uppi með. Þegar stuðningsaðili er með í samtalinu verður barnaverndarstarfsmaðurinn að útskýra þagnarskylduna.

Það þarf að meta það vel hver á að taka þátt í samtalinu. Þegar barnaverndarmál er á rannsóknarstigi verður að

íhuga vel hvort foreldrar eigi að vera með sem þátttakendur. Þegar foreldri eru beinn gerandi í barnaverndarmáli, t.d. í ofbeldisatburðum, misnotkun, eða vímuefnamálum, á foreldri yfirleitt ekki að vera þátttakandi. Hið sama á að gilda fyrir hitt foreldrið ef það hefur verið óvirkt í atburðarás eða látið vera að verja barnið gegn ofbeldi eða annars konar misbeitingu. Í slíkum tilvikum verður að velja einhvern annan sem skiptir barnið miklu máli, svo fremi sem það er gerlegt vegna þagnarskyldunnar. Ef barnið er vistað utan heimilis geta vistforeldrar eða starfsmenn stofnunar tekið þátt.

Samtal með mikilvægri þriðju persónu til staðar er barninu mikilvægt eins og að ofan greinir, en slíkt samtal er engan veginn samtal undir fjögur augu, heldur þríhyrningssamtal þar sem foreldri eða einhver mikilvægur barninu fær hjálp til þess að hlusta á það sem barnið hefur að segja. Á sama hátt fær barnið tækifæri til að hlusta, og bregðast við samtali foreldrisins eða stuðningsaðilans og barnaverndarstarfsmannsins. Í slíku samtali geta tveir aðilar, t.d. barn og foreldri, fengið gagnkvæmar upplýsingar og upplýst hvort annað. Þau geta enn fremur upplýst hvort annað með því að hvor aðili um sig ræði við barnaverndarstarfsmanninn eða meðferðaraðilann. Í þríhyrningssamtali geta tveir aðilar í einu sambandi, t.d. barn og foreldri upplýst hvort annað til skiptis út frá því hvor aðilanna er að tala við þriðju persónuna, t.d. barnaverndarstarfsmanninn.

Hlutverk stuðningsaðilans í samtalinu og einnig barnsins getur breyst nokkuð. Í sumum samtölum er skynsamlegast að hlutverk þriðju persónunnar sé fyrst og fremst að hlusta á samtalið, þannig að viðkomandi geti hjálpað barninu að vinna úr efni þess á eftir. Í öðrum tilvikum getur barnið haft mest gagn að því að hlusta

á hina fullorðnu tala um það hvernig þeir ímynda sér upplifun barnsins, reynslu þess og kringumstæður. Þá getur barnið hlustað á reynslu og upplifun annarra um sig og þannig aukið skilning sinn og innsæi. Þannig getur barnið, með stuðningi frá þeim sem stjórnar, ýmist tekið þátt í samtalinu eða ekki og þannig stýrt þátttöku sinni að vild. Í flest öllum tilvikum, eins og áður er nefnt, getur umönnunargeta þriðju persónunnar aukist þegar afstaða barnsins og líðan kemur fram.

Góðir rammar fyrir samtalið

Ígrundaðu hvernig skynsamlegast er að samtalið fari fram. Í samtölum, þar sem m.a. afstaða og hlutverk barnaverndar á að koma fram, getur verið gott að samtalið fari fram í húsnæði barnaverndarinnar. Skrifstofa getur skapað hlutlausan vettvang fyrir samtalið. Sérstaklega fyrir ung börn getur þetta stuðlað að því að barnaverndarstarf verði skýrara í þeirra augum. Það er mælt með því að markviss samtöl fari fram utan heimilis þeirra, helst í herbergi þar sem innréttingar og fyrirkomulag er skipulagt fyrir samtöl við börn, með borð og stóla sem henta bæði börnum og fullorðnum.

Herbergið má ekki vera of þröngt. Hafðu skriffæri á staðnum, svo sem til að teikna, og aðgengilega töflu. Ef þú gefur barni skriffæri til að teikna með og hvetur það til þess, gefur þú barninu tilfinningu um að það hafi stjórn á kringumstæðunum þar sem það annars gæti verið óöruggt. Fyrir barnið getur það skapað ró að hafa eitthvað að einbeita sér að og eitthvað að gera með höndunum.

Það getur verið gagnlegt að hafa töflu eða flettblöð til að skrifa einstöku setningar eða til að teikna, og til að

draga fram aðalatriðin í samtalinu. Gæta þarf þess að leikur og önnur virkni taki ekki athyglina frá samtalinu, en hjálpi barninu og þeim fullorðnu til samræðna. Það að hafa sameiginlega athygli á virkni eða teikningum, milli þess sem rætt er um viðfangsefnið, getur gert mál-efnið minna krefjandi fyrir barnið.

Að byggja upp tengsl er að skapa gott samband á jafningjagrundvelli.

Það getur verið skynsamlegt að skipuleggja herbergið þannig að þú sem stjórnandi samtalsins getir verið í augnsambandi við barnið en það hafi möguleika á að stjórna fjarlægðinni milli sín og annarra. Það skiptir máli hvar maður staðsetur sig sjálfan með tilliti til barnsins og einnig skiptir máli hvar barnið er staðsett með tilliti til stuðningsaðila. Þú sem stjórnandi samtalsins skalt staðsetja þig skáhallt á móti barninu, þannig að barnið geti horft beint fram án þess að mæta augnaráði þínu. Staðsetning skáhallt á móti barninu gefur því tækifæri til að velja hvenær það vill vera í augnasambandi við þig og hvenær ekki. Sæti barnsins á einnig að vera þannig að það sé nokkuð rými í kringum stólinn, þannig að það hafi beinan aðgang að útganginum þegar því finnst það vera innilokað og aðþrengt. Yngri börn ættu þar fyrir utan að hafa möguleika á því að hreyfa sig frjálst í herberginu. Leikir eða smáleikföng sem notuð eru í herberginu ættu að vera þannig staðsett að auðvelt sé fyrir hinn fullorðna að blanda sér inn í leik barnsins án þess að koma allt of nærri barninu. Það ætti ekki að vera of mikið af leikföngum í herberginu, þar sem hætta er á að það leiði athygli barnsins frá aðaltilganginum, þ.e. samtalinu.

Þríhyrningssamtal er þegar þriðji aðilinn, sem er mikilvægur í lífi barnsins, tekur þátt í samtalinu. Þá verða til þrjú meginatriði:

- Viðurkenning á rétti barnsins til að tala um erfið málefni.
- Hjálp fyrir barnið í daglegu lífi þess.
- Breytt og víkkuð sýn á barnið.

Það er hluti af ábyrgð okkar að skapa *forystu og ramma* um samtalið, en góðir ramar geta gefið aukna yfirsýn og ró, þannig að samtali geti farið fram.

Það er mikilvægt að gefa sér góðan tíma. Samtalið þarf að geta farið fram án truflana, svo sem af símahringingum o.þ.h. Sá sem stjórnar samtalinu ætti að forðast að skrifa upplýsingar á blað meðan á samtalinu stendur. Best er að skrá niður eftir samtalið. Ef skráning fer engu að síður fram meðan á samtali stendur, ætti viðkomandi að segja barninu hvað skrifað er. Þannig dregur maður úr óöryggi barnsins. Stjórnandi samtalsins ætti að skrifa niður mikilvægustu atriðin sem hann tekur eftir, þ.e. hugleiðingar sínar, mat og hugmyndir, eins fljótt eftir samtalið og auðið er.

Að lokum: Ekki á að skipuleggja mörg viðfangsefni í hverju samtali. Þannig forðar þú því að missa tökin, verða órólegur og óþolinmóður. Samtal tekur tíma.

Kaflar í samtölunum

Í fyrsta kafla samtalsins skapast tengsl og traust. Markmiðið er að barnið sé í eins góðu jafnvægi og hægt er. Það getur verið skynsamlegt að biðja barnið um vera í samstarfi um eitthvað, svo sem að bera glös eða annað sem á að vera til staðar í samtalinu. Þróun samtalsins fyrsta kastið mun lita samband ykkar gegnum allt ferlið. Það þarf að hafa gát á því, hversu mikið barnið er virkjað í samtalsferlinu. Hann eða hún verður að fá tækifæri til að vera í biðstöðu, skoða og jafna sig á kringumstæðunum þegar svo ber undir. Litlar, óvæntar, hreinskilnar og áhugasaverðar athugasemdir við barnið geta gert það áhugasamt og jákvætt. Það getur verið gagnlegt að gefa barninu möguleika og tíma til að bregðast við „og þar með taka frumkvæði í því umræðuefni sem kemur upp

á borðið á hverjum tíma“ (Øvreeide, 2009, bls.224). Slík gagnkvæm viðbrögð aðilanna stuðla að stýringu samtalsins og skapa þann upphafstakt sem er svo undirstaðan fyrir áframhaldandi gagnkvæmt samskiptamynstur.

Næsta stig er kynning á þér og þínu hlutverki og efnisvali í samtalinu: Hver sé ástæðan fyrir samtalinu, hver þú sért, hvar þú vinnur og hvað barnavernd sé. Vísaðu til þeirrar reynslu sem barnið hugsanlega hefur haft af öðru fagfólki sem er tengt máli barnsins. Lýstu fyrir barninu, en spyrðu það ekki. Með því að segja hversu lengi samtalið kemur til með að vara, hvað muni gerast á meðan og hvað þegar samtalinu er lokið, skapar þú ramma fyrir barnið: „*Við munum tala saman um ... og þú mátt gjarnan teikna svolítið á meðan. Við getum tekið hlé ef við þurfum þess. Eftir samtalið veit ég að Pétur ætlar að fara með þig á fótboltaæfingu.*“

Gættu þess að aðlaga hraðann og magn upplýsinga að aldri barnsins og getu. Yfirleitt eru stuttar og einfaldar setningar auðveldastar fyrir barnið í byrjun. Gerðu hlé á tali þínu svo að barnið geti komið að sínum eigin athugasemdum þegar það er tilbúið til þess. Heppilegast er að taka stutt hlé og hafa rólegan takt í samtalinu og gæta þess að vera ekki krefjandi. Það gefur merki um að „það sé rými fyrir þig þegar þú ert tilbúinn“.

Svo framarlega sem það eru ekki einhverjar ákveðnar ástæður til staðar, ætti efni samtalsins að vera meðal þess sem ætti að kynna í upphafi samtalsins. Þá sleppur barnið við að geta sér til um hvað við vitum og hvernig það á að vera gagnvart okkur og gagnvart hinu erfiða umræðuefni. Barn lætur okkur ekki „hita sig upp“ með hlutlausu og hættlausu spjalli í slíkum kringumstæðum. Gagnstætt því sem við kannski höldum, mun það

virka róandi að koma fljótt að kjarna málsins og svo snúa sér e.t.v. að léttara umræðuefni áður en við tökum fyrir kjarna málsins. Þetta getum við gert með því að nefna þetta efni beint án þess að vera of nákvæm eða yfirgripsmikil í fyrstu tilraun. „Lögreglan sótti mömmu og pabba í gær.“ Eða: „Mamma fékk nýjan lögmann sem skrifaði að hún vildi að þú flyttir aftur heim til hennar. Það skulum við tala um í dag.“

Hin mismunandi stig samtalsins

Þegar barnið er komið í gang með frásögn sína, fer frásögnin fram á nokkrum stigum – á áþreifanlegu ytra, lýsanlegu stigi, á tilfinningalegu stigi, og að lokum þar sem geta, framþróun eða von samþættist frásögninni. Hið áþreifanlega stig þróast af spurningum og getgátum á borð við: *Í gærkvöldi gerðist það að ...? Segðu frá því. Hvað gerðist þegar ...? Varstu þá með ...? Og var svo það ...? Segðu mér frá því.*

Það er hægt að hjálpa hinu tilfinningalega stigi að koma fram, með spurningum eða fullyrðingum eins og: *Þá get ég ímyndað mér að þú hafir orðið kvíðinn og hræddur – segðu frá? Hvernig leið þér þá?* Það er líka hægt að laða fram með tjáningu sem gerir upplifun almenna og venjulega: *Margir myndu verða miður sín við að upplifa það sem þú segir frá núna, hvernig var það fyrir þig?*

Síðasta stigið er geta barnsins. Ábending um það að barnið sýni getu í erfiðum aðstæðum gefur barninu staðfestingu um að það sé vel hæft og áreiðanlegt.

Samtalið getur flakkað milli mismunandi stiga. Það er oft létt að festast í hinu áþreifanlega og að forðast erfiðu tilfinningarnar af ýmsum ástæðum. Reynið að laða fram tilfinningar barnsins eða unglingsins. Þegar

tilfinningarnar koma fram fá sagan og tilfinningarnar dýpt. Þá kemst barnið í meiri tengsl við tilfinningar sínar. Þá er mikilvægt að sá sem stjórnar samtalinu skilji mikilvægi þess að gæta að þörf barnsins til að tjá eigin tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og viðbrögð sem tengjast umræðuefninu. Ekki síður að barnið fái að upplifa sig sem mikilvægt og verðugt hugulsemi og umönnunar.

Nýtið ykkur að endurtaka eða hafa orð á því sem barnið hefur gert eða sagt frá. Notið einnig endurtekningar, þ.e. endurtakið það sem barnið segir, notið svipaðar sögur, opnar setningar og spurningar. Reynið að forðast krefjandi eða ísmeygilegar spurningar. Notið heldur tilgátur og setningar sem geta gefið möguleika á að þekkja aftur fyrirbæri og atvik. Þegar fullorðnir spyrja, getur barnið orðið óruggt um sjálft sig og gagnvart þeim fullorðnu. Það er betra að lýsa mögulegri hegðun og upplifun og vera hugsanalesari hvað varðar upplifanir og hugsanir barnsins. Slíkur hugsanalestur verður alltaf að bera með sér undrun og spurnartón, þannig að barnið geti fundið hjá sjálfu sér hvort tilgáturnar eigi endurhljóm hjá því sjálfu eða ekki. Börn geta iðulega ekki svarað beinum spurningum okkar. Þau eiga ekki orð til að svara, en vilja gjarnan reyna að gera okkur til geðs eftir bestu getu og verða þess vegna uppteknari af okkar óskum heldur en af sínum eigin þörfum. Opnar spurningar og hvatningar svo sem „Lofaðu mér að heyra“, „Hvað gerðist svo?“ og „Það vil ég gjarnan heyra meira um“ virka betur. Að laða fram tilfinningar barns getur verið krefjandi. Barn og sérstaklega barn sem hefur lifað við vanrækslu hefur litla reynslu af því að orða tilfinningar. Þess vegna verður oft að hjálpa því.

Þegar manneskja upplifir sálfræðileg vandamál er það



einmitt eitt af vandamálunum að hana skortir orð eða getu til að orða þá reynslu sem liggur til grundvallar upplifuninni.

(Øvreeide, 2001, bls. 77)

Ef við ætlum að spyrja, verðum við að leggja okkur fram um að hafa spurningarnar opnar, þannig að barnið geti fyllt sjálft inn í, þær þurfa að vera jákvæðar og bera með sér undrun, forvitni og ígrundun. Við megum gjarnan nota spurningar sem fylgja efninu eftir, spurningar sem svo geta opnað fyrir fleiri möguleika og fleiri svör. Spurningar okkar mega ekki hljóma eins og kröfur um nákvæm eða „rétt“ svör frá barninu.

Þegar við orðum, lýsum og búum til tilgátur um upplifanir og hugsanir barnsins, virkar það hvetjandi. Til að hitta í mark með slíkum spurningum, verðum við öll að hafa þekkingu á því sem börn á ólíku aldursskeiði eru upptekin af, hvað séu algeng vandamál hjá barni sem lifir við ofbeldi, eða hjá foreldrum sem drekka, eða hvað séu algeng viðbrögð við ofbeldi og misnotkun. Við verðum einnig að hafa þekkingu á mörgum öðrum málefnum sem barn sem er í tengslum við barnaverndarstarfsmenn hefur þörf fyrir að ræða. Spyrjum við ekki réttar spurninga, mun barnið eða unglingurinn missa áhugann, samtalið á þá ekki við það líf sem barnið lifir.

Að endurtaka það sem barnið segir og staðfesta þannig það sem kemur fram, skerpir frásögn barnsins. Tíðar athugasemdir þess sem stjórnar samtalinu – með því að nefna, lýsa, ásamt tilgátum og upplýsingum – ýta samtalinu áfram. Í öðrum tilvikum er nóg að koma með stuttar athugasemdir svo sem „Já“ og „Segðu mér meira“ eða „Hvað svo?“ til að barninu finnst það hvatt til

að halda áfram frásögninni. Það sem oftast hjálpar barninu fram á við í samtalinu er bara að endurtaka það sem barnið sagði síðast eða hluta þess. Endurtekningin gefur barninu ró til að dvelja í sínum eigin þönkum og fylgja eigin hugrenningum og tilfinningum án truflana frá öðrum, eins og:

„Mér finnst svo leiðinlegt þegar mamma og pabbi rifast mikið.“ „*Þér finnst það svo leiðinlegt þegar þau rifast?*“ „Já og að pabbi verði svo reiður.“ „*Hann verði svo reiður?*“ „Þá fel ég mig undir borðinu.“ „*Þá felur þú þig.*“ „Hann sagðist ætla að drepa hana.“ „*Þá held ég að þú hafir orðir hræddur.*“ Eða: „*Og þá hugsaðir þú ...?*“ Eða: „*Og þegar þú komst inn í herbergið, þá ...?*“

(Øvreeide, 2009)

Að nota hliðstæðar og líkar sögur getur einnig eflt vilja og hæfileika til frásagnar. Sögur um önnur börn „*sem hafa það svolítið eins og þú hefur það núna*“, reynslan af samtölum við önnur börn í svipuðum kringumstæðum getur virkað eins og lykill að frásagnargetu barnsins. Það getur verið gott að heyra um önnur börn „*þarna úti*“ sem „*hafa það svolítið eins og maður sjálfur*“. Það getur veitt hvatningu og öryggis tilfinningu að geta sagt frá eigin reynslu og upplifun. Að finna að þau eru ekki ein um að hafa það svona, getur eflt kjark til að tala, einnig um það sem er óþægilegt og skömmustulegt umræðuefni. Það mega hins vegar ekki vera samlíkingar sem einangra eða aðskilja barnið frá öðrum og gera það „öðruvísi“.

„*Ég þekki önnur börn sem sem hafa sagt mér að þau héldu að það væri þeim að kenna að mamma og pabbi rifust. Það getur ekki verið létt að hugsa þannig hugsanir?*“



Lýsing eins og þessi gefur barninu tækifæri til að hlusta, og finna hvort þetta passar við það sjálft. Ef lýsingin passar, þekkir barnið sig aftur, og mun þá geta talað frjálssar um sjálft sig. Þegar barni hefur verið hjálpað af stað, getur oft verið nægjanlegt að segja bara: „Segðu frá!“

Brúður eða einfaldir kallar, dúkkuhús eða mismunandi tegundir samtalsmynda sem lýsa einfaldri atburðarás og tilfinningum geta nýst í byrjun til að segja frá eða leika eigin sögu (Holmsen, 2004). Á sama hátt geta bækur sem henta aldri og aðstæðum gagnast við upprifjun og hvetja til frásagnar um eigin mál.

Að lokum

Þegar samtalið nálgast lokin, verður að undirbúa barnið undir það. Snögg eða skyndileg lok skapa spennu í barninu, meðan greinileg lok geta stuðlað að því að barnið öðlist yfirsýn, sjálfsstjórn og ró að afloknu samtalinu. Það er gagnlegt að rifja upp það sem hefur verið til umræðu í samtalinu. Það er hægt að gera það með munnlegri samantekt sem barnið getur jafnvel tekið þátt. Það mun styrkja skilning barnsins og koma í veg fyrir að barnið sitji eftir með spurningar sem það hefur ekki fengið svör við.

Í lokin er einnig mikilvægt að vera greinilegur og raunhæfur um það sem á að gerast í áframhaldinu. Hvernig á að vinna áfram með barnið og fjölskyldu þess. Í öllu falli skulu lokin gefa barninu vonir um framtíð þess, þrátt fyrir að barnið upplifi miklar áhyggjur í augnablikinu. Þó skal ekki lofa barninu neinu sem ekki, eða bara kannski, er hægt að standa við, eingöngu til að hughreysta það. Um miðbik samtalsins, en einnig undir

lokin, getur setning um eiginleika barnsins og getu eða dugnað stuðlað að góðri líðan þess eftir samtalið,

„Í dag hefur þú talað um nokkuð sem er erfitt fyrir þig. Það eru ekki mörg börn sem geta talað svo lengi um þannig hluti eins og þú hefur gert í dag.“

Eftirvinnan, að ljúka verkinu

Við lok samtals er, eins og í allri annarri faglegru vinnu, mikilvægt að taka frá tíma til að meta hvort tilgangur samtalsins hafi náðst. Hvaða atriði hafi hjálpað til og hvað truflað við að ná tilganginum. Hvað má bæta? Þegar skrifa þarf dagál eða samantekt skiptir miklu máli að skýr og greinileg atburðarás og hegðunarlýsing sé nefnd fyrst, en síðan eigið mat á samtalinu. Þegar tilgangurinn er að taka ákvarðanir í kjölfarið, þarf að skrifa frásagnir barnsins eins orðrétt og hægt er. Munnið að það er rödd barnsins og viðhorf sem á að koma fram og leggja ber áherslu á í áframhaldandi málsmeðferðarferli.

Hvernig á að halda áfram

Það eru margar ástæður fyrir því að barnaverndarstarfsmenn tala ekki við börnin. Oftast er það óöryggi. Óöryggi um eigin hæfni, hvort viðkomandi geti talað um óþægilegt efni við lítil börn og hvað sé best fyrir barnið. Hræðslan við að valda barninu enn frekari óþægindum getur orðið til þess að ekkert verði af samtalinu. Það er þessu til viðbótar eðlilegt að tímaþröng og forgangsöröðun verði til þess að maður sleppi því sem manni finnst maður vera óöruggur með.

Þessar leiðbeiningar eru tæki til að komast lengra, til að fullnægja tilgangi laganna um rétt barnsins til þátt-

töku í barnaverndarstarfi. Við höfum, eins og áður er nefnt, öll í okkur hæfileika til að lifa okkur inn í samtöl. Þessir hæfileikar geta eingöngu vaxið með þjálfun og íhugun. Fyrst verða samtöl við börn að komast með í vinnuskipulagið. Þar á eftir þurfum við kenningar og kennslu, handleiðslu og ígrundun með samstarfsmönnum. Samtalið er flókið, en spennandi viðfangsefni. Við þurfum að fá að sanna að við getum tekist á við það, að hindrunin hafi ekki verið eins há og óöryggið fékk okkur til að halda. Munið, samtal þarf ekki að vera óaðfinn- anlegt til að það virðist gott og styðjandi í huga hins aðilans.

Við vonum og trúum því að þessar leiðbeiningar ásamt myndbandinu *Talaðu við mig* geti orðið gott hjálpartæki til þess að gera barnaverndarstarfsmanninn öruggari í því að tala við börn og unglunga. Þau eru aðalpersónurnar og barnaverndin er til fyrir þau.

Gangi ykkur vel að tala við börn og unglunga.



HEIMILDARSKRÁ

- Arts, Maria (2000): *Marte Meo. Basic Manual*. Harderwijk: Arts Productions.
- Bråten, Stein (2007): *Dialogens speil i barnets og språkets utvikling*. Oslo: Abstrakt forlag.
- Gamst, K.T. & Langballe, Å. (2004). *Barn som vitner: En empirisk og teoretisk studie av kommunikasjonen mellom avhører og barn i dommer-avhør: Utvikling av en avhørsmetodisk tilnærming*. Doktoravhandling. Institutt for spesialpedagogikk. Universitetet i Oslo.
- Gilstrup, K. (2004). *Det barn ikke vet ... har de vondt av. Familiesamtaler med psykisk syke foreldre og deres barn*. Oslo: Pedagogisk Forum AS.
- Holmsen, M. (2004). *Samtalebilder og tegninger. En vei til kommunikasjon med barn i vanskelige situasjoner*. Oslo: Damm forlag.
- Raundalen, M. og Schultz, J-H. (2006). *Krisepedagogikk*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Raundalen, M. og Schultz, J-H. (2008). *Kan vi snakke med barn om alt?* Oslo: Universitetsforlaget.
- Vis, S.A. (2004). *Samtaler med barn i barnevernet*. Skriftserie 1/2004. Bus Nord-Norge.
- Vis, S.A. (2007). *Sluttrapport prosjekt «Barn og beslutninger»*. Helse og Rehabilitering Prosjektnr: 2005/2/0042. Søkerorganisasjon: Redd Barna.
- Øvreeide, H. & Hafstad, R. (1996). *Marte Meo-* metoden: Styrking av foreldres kompetanse. IS. Rechelt og H. Haavind (red.), *Aktiv psykoterapi*.
- *Perspektiver på psykologisk forståelse og behandling*, s. 213–244. Oslo: Adnotam Gyldendal.
- Øvreeide, H. & Hafstad, R. (2007). Det tredje ansikt i barnets relasjoner. IH. Haavind og H. Øvreeide (red.), *Barn og unge i psykoterapi. Samspill og utviklingsforståelse*. Bind 1, s. 97–136. Oslo: Gyldendal Norsk Forlag AS.
- Øvreeide, H. (2001). Barnet som familierapeutisk bruker. *Fokus på familien*, 29, 22–36.
- Øvreeide, H. (2009). *Samtaler med barn. Metodiske samtaler med barn i vanskelige livssituasjoner* (3.utg.). Kristiansand: Høyskoleforlaget.

ÍTAREFNI

- Kinge, E. (2006). *Barnesamtaler – Det anerkjennende samværet og samtalens betydning for barn med samspillsvansker*. Oslo: Gyldendal Norsk Forlag AS.
- Standbu, A og Vis, S.A (2008) – *Barns deltagelse i barnevernssaker*. Barnevernets utviklingssenter i Nord-Norge.
- Barnevernets utviklingssenter i Nord-Norge har laget en veileder med en instruktiv nettabsert video om barn og beslutninger. Den finnes på www.barnogbestlutninger.no